

vikna frá lögbirtingu hans, sæti ella aðför að lögum.

Mánudaginn 16. desembermánaðar.

Nr. 52/1895:

Rjettvisin

gegn

Nikulási Guðmundssyni.

D ó m u r :

Með dómi aukarjettar Húnavatnssýslu, upp kveðnum 22. maímán. þ. á., var hinn ákærði Nikulás Guðmundsson dæmdur fyrir stórpjófnað og einfaldan þjófnað með skýrskotun til 40. gr. hegningarlaga 25. júní 1869 til að sæta 6 × 5 daga fangelsi við vatn og brauð, svo og til að greiða 20 kr. í skaðabætur til Ólafs Gunnlaugssonar í Ártúni og enn fremur allan málskostnað, þar í fólgin málsvarnarlaun til verjanda í hjeraði 10 kr. Þessum dómi hefur verið átrýjað til yfirdómsins bæði fyrir hönd hins ákærða og af hálfu rjettvísinnar.

Það er sannað með játningu ákærða sjálfs og öðrum skýrslum í málinu, að hann hafi aðfaranótt hins 21. júlímán. 1894 tekið hest í heimahögunum á Auðkúlu, sem var eign prestsins þar, riðið hestinum suður á land, og brúkað hann þangað til hann seint í ágústmánuði s. á. hafði hestakaup á honum við bóndann á Ártúni í Mosfellssveit, Ólaf Gunnlaugsson, og fjekk 20 kr. í milligjöf. Ákærði hefur kannazt við það, að hann hafi tekið hestinn til

Þess að slá eign sinni á hann, og hafi hann gjört það sumpart í hefndarskyni við eigandann, sumpart af því, að hann hafi verið hestþurfi. Hestinum hefur verið skilað aptur til eigandans, en Ólafur Gunnlaugsson hefur heimtað að fá 20 kr. endurgoldnar, sem hann ljet í milligjöf; að öðru leyti hefur eigi verið krafizt skaðabóta fyrir þetta athæfi hins ákærða.

Þá hefur Árni nokkur Frimann Árnason kært hinn ákærða fyrir líkamlega árás, rán og hesttöku með þeim atvikum, er nú skal greina: Hinn 24. maímán. 1894 urðu þeir ákærði og Árni Frimann samferða frá Blönduósi að Efri-Mýrum. Voru þeir þá báðir drukkniir og lenti þeim í ryskingum á leiðinni, og atvikaðist það þá svo, að Árni fór ofan í pytt eða vatnsker, og segir hann, að hinn ákærði hafi varnað sjer að komast upp úr pyttinum, hrundið sjer ofan í hann aptur, og hóttað að drepa sig, nema því að eins að hann, Árni, ljeti það af hendi við ákærða, sem hann hafði verðmætt meðferðis; hafi hann þá fengið hinum ákærða vesti sitt með nýlegu úri með festi við, nýjan hníf og tóbaksdósir, enn fremur hafi ákærði tekið af sjer tvo klúta, brjósthlíf og axlabönd. Þegar þeir voru komnir heim að Efri-Mýrum, hafi ákærði enn fremur tekið hest sinn (Árna) með reiðtýggjum og poka við hnakkinn með ýmislegu í, og hafi hann ekki skilað þessu aptur. Þessari skýrslu Árna Frimanns hefur hinn ákærði mótmælt algjörlega, bæði því, að hann hafi hrundið Árna ofan í pyttinn, varnað honum upp úr pyttinum og rænt hann, og hef-

ur það eigi sannazt á annan hátt, því að þeir eru tveir einir til frásagna um þessi viðskipti þeirra, en virðast muna þau mjög óglögg, þar sem þeir báðir voru drukknir. Á hinn bóginn hefur ákærði kannazt við það, að þegar hann fór frá Efri-Mýrum, þar sem Árni varð eptir, hafi hestur Árna komið á eptir honum beizlislaus, en með hnakk og poka bundinn við hnakkinn; ákærði hnýtti þá snæri upp í hestinn og hafði hann með sjer að Hlíðarseli, um 2 mílur vegar frá Efri-Mýrum; þar sleppti hann hestinum, spretti af honum, þar grjót á hnakkinn og fór svo leiðar sinnar; skeytti hann síðan ekkert um hestinn nje reiðtýgin, og eigi tjáist hann hafa aðgætt, hvað í hnakkpokanum var, en Árni fjekk allt aptur, hestinn, hnakkinn og pokann. Ákærði hefur neitað því, að hann hafi ætlað að stela hestinum og þessum munum, og gegn þessari neitun hans verður eigi álitid að svo hafi verið; verknadur hans virðist vera sprottinn af óstjórnlegum gáska og löngun til að stríða Árna, en eigi af þjófnadarhvöt, og verður hann samkvæmt hinu framanritaða eigi dæmdur fyrir sakir þær, sem Árni hefur kært hann fyrir.

Þar sem ákærði hefur kannazt við það, að hann hafi í júnímán. 1894 tekið hest einn í haga, sem var á beit með öðrum hrossum, og brúkað hann í sínar þarfir í 2 eða 3 daga þangað til maður, sem eigandinn hafði sent til að leita að hestinum, hitti ákærða og tók hestinn af honum, en ákærði sleppti honum þá fúslega, og þóttist enda vera á apturleið með hann, til þess að skilja hann

eptir þar sem hann tók hann, — og að hann enn fremur hafi í júlímánuði s. á. í nánd við Bólstað-arhlíð tekið hest, er hann eigi vissi hver átti, rið-ið honum vestur yfir Blöndu og skilið hann eptir í Auðkúlu-högum — þá verður að taka til greina framburð ákærða um, að hann hafi tekið þessa hesta að eins til að brúka þá um sinn, og eigi til að kasta eign sinni á þá. Með því að eigendur hestanna hafa eigi krafizt málshöfðunar gegn á-kærða fyrir þessar hesta-tökur, verður hann eigi dæmdur til refsingar fyrir þær í þessu máli.

Hinum ákærða, sem er kominn langt yfir lög-aldur sakamanna, hefur áður verið refsað 4 sinn-um, nefnilega: 1. samkvæmt aukarjettardómi Húna-vatnssýslu, upp kveðnum 23. jan. 1861 með 20 vandarhöggunum fyrir þjófnað; 2. samkvæmt yfir-rjettardómi 5. jan. 1874 fyrir þjófnað, sem væri hann framinn í fyrsta skipti, og fyrir heimildar-lausa brúkun á annara eign, með 6 × 5 daga fangelsi við vatn og brauð; 3. samkvæmt auka-rjettardómi Húnavatnssýslu 11. apríl 1882 fyrir þjófnað eptir 232 gr., sbr. 62. og 58. gr. hegning-arlaganna með 6 × 5 daga fangelsi við vatn og brauð; 4. samkvæmt yfirrjettardómi 14. apríl 1890 fyrir heimildarlausu brúkun á hrossi (238. gr. hegn-ingarlaganna sbr. 40. gr. þeirra) með 20 kr. sekt til landssjóðs.

Það er komið fram í málinu, að hinn ákærði er eigi heill á geðsmunum. Hefur hlutaðeigandi hjeraðslæknir, sem skoðaði hinn ákærða, en þó eigi fyrr en 2 mánuðum eptir að hann framdi

glæp þann, sem er sakarefni, gefið þá skýrslu, að skoðunin virðist benda á það, að ákærði fá geðveikisköst, sem byrji með »exaltation« samfara talsverðri truflun á dæmigreind, og endi með »depression« og »melancholi«. Milli þessara kasta sje ákærði að mestu leyti heilbrigður. Það er og að öðru leyti komið fram í málinu, að ákærða sækir mikill missvefn, og er hann þá óróf í geði og stundum eins og háltsturlaður. Þó verður eigi álitíð eptir framkomu hins ákærða við rannsókn máls þessa og samkvæmt skýrslum þess að öðru leyti, að hann hafi eigi verið sjer þess meðvitandi, að verk það er hegningarvert, sem hann framdi, þó að geðs-muna-sturlun hans kunni að hafa haft nokkur á-hrif á sjálfærði hans.

Brot það, sem hinn ákærði verður dæmdur fyrir í þessu máli, er heststuldurinn frá prestinum á Auðkúlu, og er það stórbjófnaður og heyrir und-ir 231. gr. 1. lið almennra hegningarlaga, og þykir refsingin hæfilega metin samkvæmt þessari grein, sbr. 62. gr. og 58. gr. og með hlíðsjón af 40. gr. laganna, 8 mánaða betrunarhússvinna. Um iðgjöld og málskostnað á aukarjettardómurinn að vera ó-raskaður. Hinn ákærði á og að greiða allan áfrýj-unarkostnað málsins, þar með talin málfutnings-laun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, er ákvedast 10 kr. til hvors. — Það vottast, að rekst-ur málsins í hjeradi hefur verið vítalaus og máls-færslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Ákærði Nikulás Guðmundsson á að sæta 8 mánaða betrunarhússvinnu. Um iðgjöld og málskostnað á aukarjettardómurinn að vera óraskaður. Ákærði greiði og allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflyttingslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfir-dómi, málsfærslumanns Eggerts Briem og cand. jur. Hannesar Thorsteinson, 10 kr. til hvors.

Ídæmd iðgjöld greiðist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, og honum að öðru leyti að fullnægja undir aðför að lögum.

Nr. 50/1895:

Rjettvísinn
gegn
Jóni Einarssyni.

Dómur:

Með dómi, kveðnum upp í aukarjetti Rangár-vallasýslu 6. dag maímán. þ. á., var hinn ákærði Jón Einarsson, bóndi á Steinum, dæmdur eptir 230. gr. og 254. gr. almennra hegningarlaga til að sæta fangelsi við vatn og brauð í 2 × 5 daga, svo og til að greiða allan af málinu löglega leiðandi kostnað.

Þessum dómi hefur að beiðni hins ákærða og fyrir hönd rjettvísinnar verið áfrýjað til landsyfirdómsins.